

Ársskýrsla

Byggðasafns Vestfjarða



2011

Samantekt: Björn Baldursson



Starfsemi

Starfsemi Byggðasafns Vestfjarða var með hefðbundnum hætti árið 2011. Safnið opnaði um miðjan maí og var opið daglega frá kl 9-18 allt til 15 september. Aðgangseyrir var 550 kr, 450 kr fyrir eldri borgara og frítt fyrir börn á grunnskólaaldri. Verð til hópa á vegum Vesturferða var 420 kr.



Morrinn í aksjón

Starfsmenn í fullu starfi voru tveir, Jón Sigurpálsson forstöðumaður og Björn Baldursson. Sumarstarfsmenn voru þrír, Andri Pétur Þrastarson, Gunnar Jónsson og Rannveig Jónsdóttir.


Gestir safnsins árið 2011 voru rúmlega 9000, og var mikill meirihluti þeirra erlendis gestir. Að vanda voru gestir af skemmtiferðaskipum í skipulögðum ferðum uppistaðan í gestum safnsins, en þeir voru 4939, eða 54% af heildar gestafjölda safnsins.

Móttöku gesta í skipulögðum ferðum er þannig háttað að þegar rútur renna í hlað í Neðstakaupstað er tekið á móti henni af leikhópnum Morranum sem sér um skemmtidagskrá í Neðsta þá daga sem skip eru. Er byrjað á að dansa fyrir hópinn áður en hann fer inn í safnið. Síðan er gengið inn og þar er Morrinn með ofurlitla söngdagskrá og syngur hópurnir 2-3 íslensk þjóðlög. Síðan fá gestir að smakka hákarl og brennivín og vestfirskan harðfisk. Á meðan rúllar í sjónvarpinu myndin „Ísland þúsund ár“ og vekur hún mikla athygli gestanna, þar er fylgst með róðri úr

Ósvör um aldamótin 1900 í mynd Erlendar Sveinssonar. Gestir ganga um safnið og skoða það og heimsækja Harmonikusafn Ásgeirs S. Sigurðssonar sem er á annarri hæð safnsins og yfirleitt er Ásgeir sjálfur þar til leiðsagnar. Yfirleitt hafa hóparnir 30-40 mínútur til ráðstöfunar í heimsóknum í Neðstakaupstað.

Það sem vekur eftirtekt í aðsóknartölum er lágt hlutfall Íslendinga. Hver ástæðan er fyrir því er hulin, en finna þarf einhverja leið til að fá þá til að heimsækja safnið í meira mæli. Á vorin og haustin hafa komið skólahópar úr grunnskólanum og af leikskólum bæjarins og það er eitthvað sem ber að efla og stuðla enn frekar að.

Skipting gesta 2011



Það er því augljóst að skemmtiferðaskipakomur til Ísafjarðar eru mjög afgerandi þáttur í rekstri Byggðasafnsins. Alls komu til Ísafjarðar um 30 skip sl. sumar og fjöldinn mun verða svipaður árið 2012.

Endurbætur voru gerðar á anddyri og móttöku í Turnhúsinu sem voru til mikilla bóta. Afgreiðslurými var stækkað og opnað meira inn í safnið og sett var upp borð sem hægt er að hafa í söluvarning.

Saltfiskverkun

Árið 2011 var saltfiskverkun safnsins með minna móti, aðeins voru þurrkuð um 700 kg af fiski. Það helgast eingöngu af því að fiskur er orðinn mjög dýr í innkaupum. Eftir þurrkunina er fiskurinn til sölu á safninu og einnig er seldur fiskur til Reykjavíkur og er framleiðsla ársins löngu uppurin. Uppi eru hugmyndir um að safnið fái undanþágu til að veiða sjálft það sem þarf til verkunarinnar á eigin bátum, og hefur bréf þar að lútandi verið sent til sjávarútvegs-ráðuneytisins.



Saltfiskstæður

70 ára afmæli safnsins

Fyrstu hugmyndir um sjóminja- og byggðasafn fyrir Vestfirði setti Bárður G. Tómasson, skipaverkfræðingur, fram í blaðagrein sem hann ritaði í blaðið Vesturland í desember 1939. Grein sína nefndi hann „Sexæringar“. Þar bar hann fram þau tilmæli til Ísfirðinga að þeir sameinuðust um að láta byggja sexæring með gömlu lagi og öllum fargögnum. Hugmynd Bárðar var að sexæringurinn yrði fyrsti vísir að héraðs- og sjóminjasafni byggðarlagsins. Hvatti hann menn til að styðja þetta mál með fjárframlögum. Hugmyndin fékk allgóðar undirtektir og var Jóhann Bjarnason, bátasmiður á Ísafirði og fyrrum formaður í Bolungavík, ráðinn til að smíða sexæringinn. Var hann fullgerður sumarið 1941 og hlaut nafnið Ölver.

Þann 23. júlí 1941 var Byggða- og sjóminjasafn Ísfirðinga stofnað og var Bárður G. Tómasson kosinn fyrsti formaður þess. Á fundinum afhenti hann safninu sexæringinn til eignar og hlaut hann aðfanganúmerið 1 í aðfangabók safnsins. Með byggingu sexæringsins má segja að lagður hafi verið grunnur að sjóminjadeild byggðasafnsins,

sem opnuð var í Turnhúsinu í Neðstakaupstað á sjómannadaginn 1988. Þegar verbúðin í Ósvör í Bolungarvík var byggð upp var sexæringurinn, ásamt fjölmörgum munum tengdum árabátaútvegi, fluttur þangað og er nú varðveittur þar.

Sögufélag Ísfirðinga var stofnað árið 1953 og var eitt af markmiðum þess að efla vöxt og viðgang byggðasafnsins, en starfsemi þess lagðist að miklu leyti niður eftir 1946 þar sem forystumenn þess voru ýmist fluttir eða á förum til annarra byggðarlaga. Árið 1953 setti stjórn Sögufélagsins fram hugmynd um að endurvekja og færa út starfsemi

safnsins. Í lögum um viðhald fornra mannvirkja og byggðasöfn frá 1947 voru ákvæði þess efnis, að byggðasöfn skyldu eiga rétt á styrk úr ríkissjóði til stofnunar og reksturs ef hérað eða hérað ákvæðu að koma upp safni, enda væru á þeim slóðum varðveittar fornar byggingar, sem hæfar væru taldar til slíkrar safngeymslu að dómi þjóðminjavarðar. Bæjarstjórn Ísafjarðar og sýslunefndir Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslna ákváðu að gerast sameiginlega eignar- og rekstraraðilar safnsins. Var því gefið nafnið Byggðasafn



Bárður G. Tómasson



Frá afmælishátíð

Vestfjarða að ósk

Vestfirðingafélagsins í Reykjavík. Í ársbyrjun 1975 gerðist Bolungarvíkurkaupstaður svo aðili að safninu. Fyrsti formaður stjórnar Byggðasafns Vestfjarða var kjörinn Jóhann Gunnar Ólafsson, sýslumaður og bæjarfógeti. Árið 1984 var Jón Sigurpálsson ráðinn forstöðumaður safnsins og var hann jafnframt fyrsti fasti starfsmaður þess.

Til að fagna þessum tímamótum var efnt til mikillar veislu í Neðstakaupstað laugardaginn 2. júlí. Rækjuverksmiðjan Kampi lét safninu í té ómælt magn af rækju sem var soðin undir berum himni fyrir gesti og gangandi. Hákarl var einnig í boði fyrir þá sem vildu. Mikil umferð var af fólki þennan dag, ókeypis var inn á safnið og gestir og starfsmenn voru í hátíðaskapi. Um kvöldið var svo hin árlega saltfiskveisla í Tjörúhúsinu. Þar sáu Tjörúhúsvertarnir um matseldina, og auk þess var grillað á Muurikkapönnu utandyra. Gælt var við bragðlauka gesta sem best var á kosið, og gerður góður rómur að veitingum sem voru eingöngu ættaðar úr hafdjúpunum.



Mynd úr Lítilli Fiskibók

Saltfisksveit Villa Valla sá um tónlistina, þó án Villa Valla sem var fjarri góðu gamni á harmonikumóti á Hellu, en í hans stað spilaði Þórir Baldursson á hljómborð. Veðrið lék við veislugesti og fóru allir saddir og glaðir til síns heima.

Sýningar

Árið 2011 voru liðin 200 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar. Af því tilefni var sett upp sýning í samstarfi við Sjóminjasafnið Víkina í Reykjavík um Litla Fiskibók, rit sem Jón Sigurðsson gaf út árið 1859 til leiðbeiningar fyrir íslenska fiskimenn um meðferð og nýtingu fiskiafla, auk leiðbeininga um veiðarfæri ýmskonar. Sýningin opnaði í Turnhúsinu á Sjömannadaginn, þann 5 júní, og auk plakata sem prentuð voru á striga í segllíki, var hljóðmynd eftir Mugison.

Vorið 2011 var ráðist í að færa líkan það sem Jón Hermannsson gerði af Ísafjarðarkaupstað fyrir 100 ára afmæli kaupstaðarins, af sundhallarloftinu, þar sem það hefur verið síðan árið 1966. Ákveðið var að færa líkanið í Stjórnsýsluhúsið á aðra hæð þar sem það nýtur sín ágætlega. Taka þurfti það sundur í 5 hluta og skeyta því svo saman aftur. Ísafjarðarbær er eigandi líkansins



Neðstikaupstaður

Á rishæð Turnhússins er sýningin „Betri er bjallan bitin en hvönnin slitin“ sem fjallar um nýtingu strandhlunninda fyrri tíma. Sú sýning er á tveimur tungumálum auk íslensku.

Safnið útvegaði einnig muni á sýninguna þarfasti þjónninn sem sett var upp í sal Listasafns Ísafjarðar á Gamla sjúkrahúsinu á aðventunni.

Harmonikusafn Ásgeirs S. Sigurðssonar

Harmonikusafnið hefur aðsetur á annarri hæð Turnhússins. Þar eru til sýnis valdar harmonikur úr safninu hverju sinni, 20-30 stk í einu. Það stendur til að auka það rými sem safnið hefur til umráða nokkuð þannig að sýna megi stærri hluta safnsins. Ný aðföng á árinu voru 6 harmonikur. Allar harmonikur safnsins voru skráðar og myndaðar. Á tónlistarhátíðinni Við Djúpið voru haldnir tónleikar í harmonikusafninu. Það var dúettinn Dúó harpverk, sem samanstendur af hörpuleikaranum Katie Buckley og



Ásgeir við vinnu sína

slagverksleikaranum Frank Aarnik, og harmonikkuleikarinn Erica Roozendaal sem tróðu upp. Aðsókn var ágæt og þéttsetið var á loftinu. Turnhúsið hentar ágætlega fyrir svona minni tónlistarupptökur og má reikna með að þeim fjölgi í framtíðinni. Árið 2012 eru fyrirhugaðir a.m.k. einir tónleikar.

Bárðarslippur



Unnið að viðgerð á dráttarbrautinni

Árið 2010 var ráðist í endurbætur á spilhúsi Bárðarslippy sem var orðið mjög illa farið. Sumarið 2011 var haldið áfram með endurbætur á slippnum. Ákveðið var að bjóða út viðgerð á dráttarbrautinni auk lagfæringa á dráttarsleðanum. Fimm fyrirtækjum á svæðinu var boðið að taka þátt í útboðinu, en aðeins skiluðu sér tvö tilboð í verkið. Það var Vélsmiðjan Þristur sem átti

lægra tilboðið og hljóðaði það upp á 5,9 m.kr. Verkið hófst í júlí og þurfti að vinna það eftir sjávarstöðu. Brautin var öll tekin upp úr sjó og var hún orðin mjög illa farin víða. Þurfti að fá nýja teina í stóran hluta hennar. Verkinu lauk svo í byrjun september og var kostnaður undir tilboðsupphæð, eða um 5,4 m.kr. Viðgerðir á slippnum voru fjármagnaðar með arfi Hjálmars R. Bárðarsonar og stendur til að koma upp minningarskildi um feðgana Bárð G. Tómasson og Hjálmar við slippinn.

Kvörtun barst frá eiganda Skipanausts sem lýsti yfir áhyggjum af því hvort Byggðasafnið hygðist fara í samkeppni við einkaaðila um slippþökur minni báta. Fékk Byggðasafnið bréf frá Ísafjarðarbæ í kjölfar þess þar sem mælt var til þess að Byggðasafnið væri ekki að taka upp báta í samkeppni við dráttarbraut Skipanausts, tæki einungis upp eigin báta. Ekki hafa fengist fullar lyktir í þetta mál.

Bátar Byggðasafnsins.

Gunnar Sigurðsson ÍS 13

Viðgerð hélt áfram á Bátalónsbátnum Gunnari Sigurðssyni. Var það Magnús Alfreðsson sem sá um alla trésmíðavinnu, vélavinnu var í höndum Vélsmiðjunnar Þryms, Vélsmiðja Ísafjarðar sá um járnvinnu og Póllinn sá um alla rafmagnsvinnu. Töluverð seinkun var á sjósetningu sem orsakaðist af miklum önnum hjá iðnaðarmönnum, en báturinn var sjósettur um miðjan júlí. Þá tók við vinna við að gera bátinn kláran, setja upp öryggisbúnað, laga



Gunnar Sigurðsson á siglingu

rafmagn, fá skoðun Siglingastofnunar og ýmislegt annað sem þurfti að uppfylla áður en báturinn fengi fullt haffæri og farþegaleyfi.

Tveir knáir sjómenn, þeir Þorsteinn Jónínuson og Jón Þór Þorleifsson höfðu sýnt því áhuga að bá bátinn leigðan til að fara með fólk á handfæraveiðar upp á gamla mátann, þ.e. með gömlum handsnúnum handfæravindum. Fara skyldi í stutta túra, 3-4 klukkutíma og leyfa fólki að veiða allt að 6 fiska hverjum manni. Til þess þurfti að fá sk. frístundaveiðileyfi frá Fiskistofu og var það auðsótt. Um mánaðamótin júlí-ágúst var svo farið í þrífusiglingu með ferðamenn og gekk það að óskum. Fyrir hafði farið fram vígsla bátsins og endurnefning þar sem hann var nefndur Gunnar

Sigurðsson. Var það Sigprúður Gunnarsdóttir eiginkona Jóns Rafns

Oddsonar, fyrsta eiganda bátsins sem framkvæmdi nefninguna. Að því loknu blessaði sr. Fjölur Ásbjörnsson bátinn. Sumarið 2012 sker svo úr um hvort eftirspurn sé eftir þessum ferðum sem hafa ekki verið í boði á svæðinu hingað til. Fyrirhugað er samstarf við fyrirtækið Borea Adventures um bókanir í ferðirnar.

Jóhanna Ís 159

Viðgerð á Jóhönnu hélt áfram, og miðar ágætlega. Búið er að smíða byrðinginn og setja bönd í hann. Öldustokkar eru komnir. Það sem næst liggur fyrir er að klæða dekk og setja vélarkappa. Vélin er tilbúin að mestu, það var Hallgrímur Guðfinnsson sem gaf safninu 2 cyl Sabb vél sem þurfti töluverðrar viðgerðar við og var það Vélsmiðjan Þrymur sem tók að sér að gera við hana. Á árinu 2012 verður viðgerð haldið áfram og stefnt að því að Jóhanna verði tilbúin til notkunar í sumarbyrjun.

Sædís Ís 67

Ekkert var unnið í Sædís á árinu.

Rán Ís 38

Rán er í viðgerð hjá Valdimari Elíassyni á Þingeyri. Báturinn var verr farinn en reiknað hafði verið með. Viðgerð er mjög skammt á veg komin.

María Júlía Ba 36

María Júlía er við bryggju á Þingeyri. Þar er búið að tjalda yfir hana til að þurrka dekkið á henni. Ekkert hefur verið unnið í henni á árinu sökum fjárskorts. Unnið var að því á árinu að stofna Hollvinasamtök Maríu Júlíu undir forystu Þorgeirs Pálssonar. Eins var honum falið að reyna að afla fjár til endurbyggingar Maríu Júlíu hjá opinberum aðilum, því hugmyndir voru uppi um að sigla henni til Danmerkur sumarið 2012 sem fulltrúa Íslands á Sail Ebeltoft, sem er norræn strandmenningarhátíð. Nú þegar þetta er skrifað er nokkuð ljóst að af því verður ekki. Það liggur fyrir að færa þarf Maríu Júlíu til Ísafjarðar vegna þrýstings frá útgerðarmönnum á Þingeyri, þeir kvarta undan að skipið taki of mikið pláss í höfninni. Farið verður í það þegar veður leyfir.

Útgáfa

Vorið 2011 var prentaður bæklingurinn Á safnaslóð líkt og undanfarin ár. Í honum eru upplýsingar um Byggðasafnið auk þess að veita upplýsingar um áhugaverða staði í nágrenninu. Bæklingurinn er gefins í safninu.

Einnig var prentaður bæklingur um Harmonikusafn Ásgeirs S. Sigurðssonar. Þar er gerð grein fyrir öllum harmonikum í safninu, auk valdra mynda af 40 harmonikum. Bæklingurinn er til sölu í safninu og kostar 1500 kr.

Gefin voru út 4 póstkort tileinkuð harmonikusafninu sem eru seld í safninu á 130 kr.



Forsíða harmonikubæklings

Skrifstofa

Eins og undanfarin ár var aðalskrifstofuaðstaða Byggðasafnsins á Gamla sjúkrahúsinu. Á árinu voru keyptar nýjar tölvur auk hugbúnaðar frá Snerpu því þær gömlu voru úr sér gengnar.

Arfur Hjálmars Bárðarsonar

Gengið var að fullu frá útgreiðslu arfs úr dánarbúi Hjálmars R. Bárðarsonar. Alls voru það um 24 milljónir sem komu í hlut Byggðasafns Vestfirðna og lýsir þetta einstökum velvilja Hjálmars heitins til Byggðasafnsins. Arfurinn hefur nýst vel til ýmissa verka, þó að stærstur hluti hafi runnið til viðgerðar á Bárðarslipp. Bókalager úr dánarbúi Hjálmars var skipt upp sökum þess að ekki fékkst viðunandi tilboð í hann. Í hlut Byggðasafnsins komu



Hjálmar R. Bárðarson

um 1200 bækur, 10 titlar á nokkrum tungumálum. Þessar bækur voru hafðar til sölu í safninu s.l. sumar, en seldust frekar dræmt.

Geymslumál

Á árinu 2004 var fullgerð ný geymsla safnsins í Neðstakaupstað. Hún er fyrri áfangi nýrrar byggingar sem í framtíðinni á einnig að vera sýningar og skrifstofuhúsnæði safnsins. Hvenær ráðist verður í síðari áfanga er óljóst en það ræðst af því hvernig gengur að afla fé til hennar. Nýja geymslan er mjög góð fyrir minni og viðráðanlega muni, og nú í haust hefur verið unnið að því að koma upp hillukerfum á efri hæð geymslunnar, og er því nú lokið. Þar rúmast allt harmonikusafnið auk annarra gripa.

Það má samt segja að ófremdarástand ríki í geymslumálum safnsins. Eftir að safnið lokaði á sundhallarloftinu voru munirnir geymdir þar áfram. Sú geymsla fullnægir engan veginn þeim skilyrðum sem sett eru um varðveislu muna. Vorið 2011 fékk Golfklúbbur Ísafjarðar sundhallarloftið á leigu og var þá allt tilheyrandi Byggðasafninu flutt í annan enda loftsins. Einnig er safnið með geymslu annarsstaðar þar sem geymdir eru stærri munir, sú geymsla er engan veginn nógu góð heldur. Vinna ber að því að koma þessum geymslumálum safnsins í betra horf.

Stjórn safnsins

Stjórn safnsins var skipuð þeim Ragnheiði Hákonardóttur form., Þorleifi Eiríksyni og Dagbjörtu Hjaltadóttur fram að ársfundi safnsins sem haldinn var þann 24. október. Þá voru gerðar breytingar á samþykktum safnsins og jafnframt gerðar stjórnarbreytingar. Ný stjórn er skipuð bæjarstjórum sveitarfélaga þeirra sem að safninu standa, Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhreppi. Ákveðið var að Ísafjarðarbær muni annast bókhaldsmál safnsins.

Aðföng 2011

Ný aðföng safnsins á árinu voru um 150 talsins.